

Flensborgarhöfn og Óseyrarsvæði

Samráðsnefnd um gerð rammaskipulags

5. fundur

Mánudaginn 15. október kl. 15.00 á hafnarskrifstofunni

Mætt: Kristín Thoroddsen, Ágúst Bjarni Garðarson, Ólafur Ingi Tómasson, Gylfi Ingvarsson Þormóður Sveinsson, Guðrún Guðmundsdóttir og Lúðvík Geirsson. Karólína Helga Símonardóttir boðaði forföll.

- 1) Lagt fram sameiginlegt tilboð frá arkitektastofunum JVANTSPIJKER í Rotterdam og KJELLGREN KAMAINSKY ARKITEKTUR í Gautaborg varðandi vinnu við gerð rammaskipulags. Tillagan gerir ráð fyrir að vinna við skipulagið hefjist í byrjun nóvember og verði lokið í þremur áföngum í maí 2019. Guðrúnu og Þormóði falið að ræða nánar við stofurnar um einstaka þætti í tilboðinu og ákveðna kostnaðarliði. Stefnt verði að því að samkomulagstexti í íslenskri útgáfu liggja fyrir tímalega fyrir næsta fund. Nefndin leggur áherslu á að búið verði að kynna og afgreiða væntanlegan samning fyrir lok október í hafnarstjórn og skipulags- og byggingaráði.
- 2) Rætt um mikilvægi þess að vera með virkt samráð í vinnuferlinu og kynna verkferlið vel strax í upphafi.
- 3) Taka þarf saman upplýsingar um ýmsa þætti sem tengjast skipulagsvinnunni eins og kemur fram í tillögu að verkferli. Guðrún mun halda utan um það efni og fulltrúar í samráðsnefnd munu koma ábendingum og áherslum á framfæri við Guðrúnu eigi síðar en næsta mánudag.
- 4) Næsti fundur boðaður mánudaginn 29. október á hafnarskrifstofunni. Fundartími verður kynntur í fundarboði.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:30

LG ritaði fundargerð